

Greinargerðin

Þið þurfið þið að skila texta sem er 2- 3 bls. Það er textinn sem liggur til grundvallar glærusafni ykkar.

Munið að frumlegheit í heimildaöflun og/eða framsetningu getur hækkað einkunn ykkar.

Uppbyggingin er þessi:

- I. Inngangur - þar sem þið reifið (i) hvernig tilraun ykkar gekk sem og samvinnan við að framkvæma hana, (ii) hver reynslan var af því að vinna þetta verkefni og (iii) hvernig gekk að skrifa dagbókina.

- II. Meginmálið - Þetta þarf ekki að vera mjög formleg framsetning:
 - (i) Þið greinið frá (eins nákvæmlega og þið getið):
 - a. Hvert var viðfangsefnið?
 - b. Hvar fór tilraunin fram? - Stutt lýsing á aðstæðum
 - c. Hvað gerðist? - Hvernig brugðust *viðföng* ykkar við?
 - d. Orsakatengslin frumbreyta-1 = viðfangsefnið,
frumbreyta-2 = kyn (ef um blandaðan hóp er að ræða)
og fylgibreyta = viðbrögð viðfanga.
Þetta á að vera almenn umfjöllun en þið þurfið a.m.k. að segja hvert var viðfangsefnið, hvort bæði kynin framkvæmdu tilraunina eða ekki og hvernig viðbrögðin voru almennt.
 - e. Tölfræðin Svo ekkert fari nú á milli mála má sjá hvaða kröfur ég geri til framsetningar tölfræðinnar = gröf í kennslubókunum mínum. Í stuttu máli á að merkja báða ása og fyrir neðan grafið á að koma stuttur texti á mannamáli sem segir hvaða upplýsingar - í aðalatriðum - má lesa út úr grafinu OG já þið eigið að teikna ykkar eigin gröf.
 - f. Hverjar eru niðurstöður ykkar
 - (ii) Viðfangsefnið ykkar í ljósi samvirknikenninga.
 - (iii) Þið segið frá því hvernig þið nýttuð ykkur dagbækurnar við ritun greinargerðarinnar.

- III. Lokaorð - Hér greinið þið frá:
 - a. Helstu niðurstöðum úr meginmálinu í stuttu máli.
 - b. Mat á þessu verkefni.
 - c. Persónulegar skoðanir ef einhverjar eru.

- IV. Viðauki, m.a. samráðsfundir (þ.e.a.s. hverjir mættu og hvað var samþykkt) og mat ábyrgðamanns dagbóka á dagbókarfærslum hópmeðlima.

Þessu skilið þið í næstu viku sem hópur undir heitinu sVerkefnið%
Munið að merkja það með nafni rannsóknarhóps ykkar (TILxy).

Tilgangurinn

Tilgangurinn með þessu verkefni er í rauninni tvíþættur:

Í fyrsta lagi að upplifa vísindahyggjuna á eigin skrokki

OG

í öðru lagi að beita **frumkvæði og sköpunargáfunni** í tilrauninni ykkar.